

Flóahreppur
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Þingborg
801 Selfoss

Reykjavík, 23. febrúar 2024
UST202402-172/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Árborgar 2020-2036 og aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 - Selfosslína 1

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Flóahrepps er barst 9. febrúar þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Árborgar 2020-2036 og aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 vegna Selfosslínu 1

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á breytta legu raflínu innan aðalskipulags Árborgar og Flóahrepps þar sem Landsnet ráðgerir að Selfosslína 1 (66 kV) verði tekin niður á kaflanum frá núverandi tengivirki á Selfossi að mastri nr. 99 sem er norðan við Hellisskóg, norðan Ölfusár og í staðinn verði lagður 132 kV jarðstrengur.

Auk þess kemur fram að nýr jarðstrengur mun í megindráttum fylgja nýrri legu Suðurlandsvegar norðaustan við Selfoss og fara um nýja brú yfir Ölfusá, fylgir þaðan Ölfusá til norðurs. Áætluð lengd jarðstrengs frá tengivirki á Selfossi að mastri nr. 99 er um 3,1 km.

Umhverfispættir og áherslur

Umhverfisstofnun bendir á að skoða eigi vandlega alla kosti þegar lagnaleiðir eru valdar og láta ekki eldri línur og slóðir ákvarða legu jarðstrengja því reynslan hefur sýnt að jarðstrengur plægður í laus jarðlög hefur í flestum tilfellum óveruleg umhverfisáhrif í för með sér.

Auk þess bendir stofnunin á mikilvægi þess þar sem framkvæmdin fer um nútímahraun að umhverfisviðmið fyrir það sé í 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og ef framkvæmdin hefur áhrif á vatn þá þurfa umhverfispættir, viðmið og matsspurningar að snúa að því og lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun að vera sem umhverfisviðmið.¹

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Rakel Sæmundsdóttir
sérfræðingur

¹ <https://vatnavefsja.vedur.is/wfdportal/#>